

Miðvikudaginn 20. maí 1987.

Nr. 9/1987.

Ákærvaldið

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Steingrími Njálssyni

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir.

Héraðsdómi var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 5. desember 1986 og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar.

Eftir uppsögu hins áfrýjaða dóms gekk dómur í Hæstarétti hinn 5. desember 1986 í málum þeim sem dæmd voru í héraði 21. maí og 5. september 1986, og var ákærði með honum dæmdur í 7 mánaða fangelsi samtals. Þá var ákærði samkvæmt nýjum gögnum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, dæmdur í sakadómi Reykjavíkur hinn 24. f.m. í 3 ára fangelsi fyrir brot gegn 209. gr. almennra hegningarlaga og 45. gr. laga um vernd barna og ungmenna.

Verjandi ákærða gerði við flutning máls þessa fyrir Hæstarétti kröfu um að málinu yrði vísað frá héraðsdómi, en til vara krafðist hann sýknu. Frávísunarkröfuna rökstuddi hann með því að verknáðarlýsing í ákæru væri óglögg, og einnig með því að gallar hefðu verið á rannsókn málsins.

Þó að ákæra sé ekki að öllu leyti svo skýr sem æskilegt hefði verið og í henni villa um dagsetningu, þykir samkvæmt 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974 mega leggja efnisdóm á málið. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að neinir gallar hafi verið á rannsókn málsins er leiði til slíkrar niðurstöðu, og athugast í því sambandi að dómur verður reistur á þeim gögnum sem fram voru færð við málsmeðferðina, þ.e. skýrslum ákærða og vitna fyrir dómi.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði verður dæmdur til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem greint er í dómsorði.

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Ákærði, Steingrímur Njálsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000,00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Ragnars Aðalsteinsonar hæstaréttarlögmans, 15.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 6. nóvember 1986.

Ár 1986, fimmtudaginn 6. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 578/1986: Ákærvaldið gegn Steingrími Njálssyni, sem tekið var til dóms 4. þ.m.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara dagsettu 23. júní sl. á hendur ákærða Steingrími Njálssyni, áður að Fjölnisvegi 9 í Reykjavík, nú að Norðurgötu 12B í Siglufirði og refsifanga á Litla-Hrauni, fæddum í Siglufirði 21. apríl 1942.

Í ákærunni segir að málið sé höfðað á hendur ákærða, „fyrir þjófnað með því að hafa laugardaginn 18. desember 1985 stolið seðlaveski, sem hafði meðal annars að geyma tékka að fjárhæð kr. 10.000, úr bifreið á bifreiðastæði við Lindargötu 46 í Reykjavík.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar:

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt laugardagsins 28. desember sl. klukkan 00:24 voru fjórir lögreglumenn í Reykjavík sendir að Hótel Esju í gestamóttökuna, en þar skýrði Ólafur Jóhannesson starfsmaður hótelsins frá því að Sævar Arnfjörð Hreiðarsson, sem þarna var staddur, hefði verið að reyna að fá tékka að fjárhæð 10.000 krónur skipt og greiða reikning vegna gistingar. Kvaðst Ólafur hafa efast um að Sævar Arnfjörð ætti tékkann og því hefði hann hringt í útgefanda tékkans, Sigfús Sigurðsson, sem hefði sagt að tékkinn hefði glatast skömmu fyrir jól. Tékkinn var til handhafa á reikning nr. 85940 við Landsbanka Íslands, Austurstræti 11, dagsettur 22.12. 1985.

Sævar Arnfjörð var nær óviðræðuhæfur á staðnum vegna ölvunar og var fluttur í yfirheyrslu á lögreglustöðina við Hverfisgötu og þar upplýsti hann, eftir að hafa fyrst sagt sögu sem hann síðar kvað uppspuna, að hann hefði fengið tékkann um tveimur tímum áður hjá ákærða Steingrími Njálssyni sem hefði beðið hann að skipta honum. Væri ákærði nú í veitinga-húsinu Glæsibæ.

Lögreglan handtók ákærða í veitingahúsinu. Kannaðist hann við að hafa hitt Sævar Arnfjörð fyrr um kvöldið, en við tékkann vildi hann ekkert kannast.

Um þetta leyti kom Jónas Grétar Þorvaldsson, leigubifreiðastjóri, Stóra-gerði 38 í Reykjavík, á lögreglustöðina og kvaðst hafa frétt hjá útgefanda tékkans, að hann hefði fundist. Kvaðst Jónas hafa skilið seðlaveski sitt eftir í bifreiðsinni ólæstri fyrir utan útsölu ÁTVR við Lindargötu hinn 18. desember næst á undan. Kvaðst Jónas Grétar hafa séð skolhærðan mann á vappi við bifreiðina, er hann gekk út úr henni, en maðurinn hafði verið horfinn er hann kom aftur til að ná í veskið sem var einnig horfið. Í veskinu höfðu verið auk tékkans, sem var útfylltur að öðru leyti en því, að dagsetningu vantaði á hann, persónuskilríki og 6000-7000 krónur í reiðufé.

Jónas Grétar sá ákærða á lögreglustöðinni og þekkti hann strax sem þann sem hefði verið við bifreiðina hinn 18. desember.

Vitnið Sævar Arnfjörð Hreiðarsson, Skúlagötu 54 í Reykjavík, kveðst eins og áður greinir hafa fengið tékkann hjá ákærða um það bil tveimur klukkustundum áður en lögreglan hafði afskipti af því með tékkann á Hótel Esju. Tók vitnið við tékkanum í anddyri húss í næsta nágrenni við hótelið eftir að ákærði hafði skroppið inn í það. Eftir það fóru þeir í Glæsibæ og þegar þeir höfðu dvalið þar í um 30 mínútur bað ákærði vitnið að selja tékkann einhvers staðar. Hélt vitnið þá á Hótel Esju þar sem það skuldaði hótelleikning. Segir vitnið að ákærði hafi sagt að tékkinn væri í lagi, en ekki hafi hann tekið fram hvar hann hafi fengið hann.

Vitnið Jónas Grétar Þorvaldsson skýrir frá við meðferð málsins á sama veg og hjá lögreglunni. Var tékkinn trygging frá kunningja vitnisins fyrir skuld. Hefur vitnið séð umræddan tékka sem tekinn var af Sævari Arnfjörð og staðfest að það sé umræddur tékki.

Vitnið sá mann fyrir utan bifreiðina við Lindargötuna, og var þar um að ræða mann sem vitnið hafði ekið með nokkrum sinnum. Vitnið ræddi við manninn stutta stund og fór síðan inn í verslunina. Var þetta um miðjan daginn. Var veskið horfið þegar vitnið kom til baka.

Vitnið hefur séð ákærða í dóminum við meðferð málsins og er öruggt á því að hann sé umræddur maður.

Vitnið Sævar Arnfjörð vísaði rannsóknarlögreglunni á húsið þar sem ákærði fór inn og afhenti vitninu tékkann. Reyndist það nr. 12 við Suðurlandsbraut. Á 3. hæð til hægri hittu rannsóknarlögreglumenn Skúla Skúla-son sem þar býr. Upplýsti Skúli að ákærði hefði fengið að dvelja hjá sér andanfögnu og fengið að sofa í herbergi sem hann notaði fyrir geymslu.

Vitnið Skúli staðfestir að það hafi verið með íbúð að Suðurlandsbraut 12 í desember sl. og sé enn. Um miðjan desember kom ákærði á fund vitnisins og fékk eftir það að gista hjá því í íbúðinni allar nætur nema eina,

meðan hann væri að leita sér að húsnaði og atvinnu. Hafði ákærði aðsetur í herbergi með sturtuklefa og var þar með muni sína. Segir vitnið, að tveir aðrir menn hafi fengið að gista í herberginu á meðan ákærði dvaldi þar, og var aðeins um eina nótt að ræða sem þeir dvöldu þar saman. Vitnið segir að íbúð þess sé venjulega læst, en herbergið, sem ákærði dvaldi í, ólæst.

Vitnið man ekki nú hvenær kvölds 27. desember sl. ákærði kom í íbúðina til þess, en hann stóð stutt við. Vitnið man ekki heldur hvort ákærði fór inn í gestaherbergi sitt í þetta skipti. Vitnið skýrði rannsóknarlögreglu hins vegar svo frá, að líklega hefði ákærði komið eftir klukkan 22 um kvöldið í íbúðina og sagt að hann væri að fara á ball í Glæsibæ.

Vitnið man að lögreglan gerði leit í herberginu sem ákærði hafði gist í, en ekki man vitnið hvenær það var. Það sá lögregluna í þetta skipti taka veski í herberginu og var það uppi á hillu í herberginu.

Vitnið Haraldur Sigurðsson rannsóknarlögreglumaður, Bergholti 9 í Mosfellssveit, kveðst hafa staðið að húsleit að Suðurlandsbraut 12 ásamt öðrum lögreglumanni vegna máls þessa og í herbergi þar hafi þeir fundið veski Jónasar Grétars á hillu uppi undir lofti. Þurfti að stíga upp á stól til að sjá inn á hilluna. Þá var í herberginu plastpoki með fatnaði og öðrum eignum ákærða.

Ákærði hefur frá upphafi staðfastlega neitað því að hafa stolið veski Jónasar Grétars eða að hafa afhent Sævari Arnfjörð tékkann. Hann man ekki til þess að hafa verið fyrir utan áfengisverslunina, þegar veskið hvarf úr bifreið Jónasar Grétars, en vill þó ekki véfengja það. Ákærði kannast ekki við að hafa farið til Skúla Skúlasonar, áður en hann fór með Sævari Arnfjörð inn í Glæsibæ. Hann hefur hins vegar viðurkennt að hafa dvalið hjá Skúla í tvær til þrjár nætur eftir að hann hafi komið að vestan hinn 14. desember. Hann segi það lygi að hann hafi fram til 27. desember sl. dvalist alla daga hjá Skúla nema einn.

Ákærði og Sævar Arnfjörð voru samprófaðir um misræmið í framburði þeirra, en samprófun bar ekki árangur.

Niðurstöður.

Þrátt fyrir neitun ákærða þykir sannað þegar virtur er í heild framburður vitnanna Jónasar Grétars, Sævars Arnfjörð, Skúla og Haralds, að ákærði hafi framið þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákærunni. Vitnið Jónas Grétar hefur endurþekkt ákærða sem mann þann sem var við bifreið hans rétt áður en veskið hvarf og að tékkinn hafi verið í veskinu, vitnið Sævar Arnfjörð var með tékkann og kveðst hafa fengið hann hjá ákærða í anddyri hússins Suðurlandsbraut 12, vitnið Skúli kveður ákærða hafa komið heim til sín um það leyti, sem Sævar Arnfjörð kveðst hafa veitt

tékknum viðtöku og vitnið Haraldur hefur staðfest að það hafi fundið veskið í herbergi sem ákærði geymdi muni sína í og notaði.

Í ákærinni er 18. desember sagður laugardagur og í framburði sínum talar vitnið Jónas Grétar um þriðjudaginn 18. desember. Í raun bar 18. desember 1985 upp á miðvikudag. Samkvæmt 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála breytir þetta atriði engu um sök ákærða, en háttsemi hans er rétt færð til refsíákvæðis í ákærinni.

Sakaferill ákærða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða og öðrum upplýsingum hefur hann sætt kærnum og refsingum, svo og reynslulausn, sem hér segir:

— — —
[Sakavottorðið tilgreinir 23 sakfellingardóma, og eru hinir síðustu þessir: Dómur 21. desember 1984: 8 mánaða fangelsi fyrir umferðarlagabrot (refsí-ákvæðið staðfest með dómi Hæstaréttar 6. febrúar 1986), dómur 21. maí 1986: 3 mánaða fangelsi fyrir fjársvik, og dómur 5. september 1986: 30 daga fangelsi fyrir brot gegn 209. gr. og 226. gr. almennra hegningarlaga o.fl.]

Refsing.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin með hliðsjón af sakaferli hans og 78. gr. almennra hegningarlaga, fangelsi í 4 mánuði.

Skaðabætur.

Jónas Grétar Þorvaldsson hefur gert kröfu til þess að fá greiddar 7.000 krónur ásamt vöxtum vegna peninganna, sem hafi verið í veskinu. Þar sem ekki er í málinu kært til greiðslu skaðabóta verður ekki tekin afstaða til bótakröfunnar í máli þessu.

Sakarkostnaður.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmans, 10.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Steingrímur Njálsson, sæti fangelsi í 4 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmans, 10.000 krónur.